

Nd.

75. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

8. tl. A-liðar 30. gr. orðist svo:

Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

Sé um að ræða framlengingu á framfærsluskyldu til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna, sbr. ákvæði 17. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981, skal frádráttur vegna helmings greiddra meðlaga í því skyni einnig heimill til jafnlangs tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að samræma ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu því ákvæði skattalaga sem kveður á um frádrátt meðlagsgreiðenda á helmingi greiddra meðlaga með barni.

Barnalögin voru samþykkt á Alþingi 1. apríl 1981. Í þeim eru ákvæði um að lengja framfærsluskyldu meðlagsgreiðenda úr 17 í 18 ár, svo og það nýmæli að framfærsluskylda getur stadið til 20 ára ef þörf krefur vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns.

Lögum um tekju- og eignarskatt, sem heimila meðlagsgreiðendum frádrátt frá skatti sem nemur helmingi greiddra meðlaga með barni til 17 ára aldurs, var þó ekki breytt til samræmis við þessa breytingu á framfærsluskyldu.

Það verður að teljast rétt og edlilegt þar sem löggjafinn hefur þegar samþykkt að helmingur meðlagsgreiðslna sé frádráttarbær frá skatti til 17 ára aldurs að það ákvæði taki einnig breytingum til samræmis við lengri framfærsluskyldu.

Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.